

9. Hrossaræktin

Vignir Sigurðsson

Viðfangsefni hrossaræktar eru sem fyrr unnin í nánú samstarfi við Hrossaræktarsamtaka Eyfirðinga og Þingeyinga, HEÐ. Búgarður annast ýmis störf fyrir HEÐ svo sem að sjá um heimasíðu og taka við pöntunum undir stóðhesta, veita upplýsingar til félagsmanna o.s.frv. Stjórn HEÐ heldur stjórnarfundum sína í Búgarði. Þá hafa fræðslufundir, sýningahald o.fl. verið unnin í nánú samstarfi við HEÐ. Í stjórn samtakanna sitja eftirtaldir: Ríkarður G. Hafdal formaður, Vignir Sigurólason varaformaður, Zophonías Jónmundsson gjaldkeri, Bjarni Páll Vilhjálmsson ritari og Þorsteinn Egilson meðstjórnandi. Þorsteinn kom nýr inn í stjórn á aðalfundi HEÐ 16. mars 2011. Varamenn í stjórn eru þeir Þorvar Þorsteinsson og Auðbjörn Kristinsson.

Stóðhestahald

HEÐ á hlut í tveimur stóðhestum, einn þriðja í Gusti frá Hóli 1/3 og þriðjungshlut í einkahlutafélagi um Gígjar frá Auðsholtshjáleigu. Gustur er hættur að fylja en hann hefur verið á föðrun á Dýrfinnstöðum í Skagafirði.

Gígjar frá Auðsholtshjáleigu var í húsnokun á Ytri-Bægisá og fyrra gangmál á Bergsstöðum. Hann fór svo í Grænhól seint í júlí. Hér fyrir norðan fóru undir hann 49 hryssur og reyndust 38 fengnar skv. sónarskoðun. Fyrir sunnan fóru undir hann 15 hryssur og voru 13 fengnar. Alls var notkunin því 64 hryssur og var fyljunarhlutfall 80%. Gígjar er þegar þetta er ritað með 121 stig í kynbótamati og 31 dæmt afkvæmi.

Sýningahald

Búgarður í samstarfi við Hrossaræktarsamtök Eyfirðinga og Þingeyinga stóð fyrir þremur kynbótasýningum á árinu. Fyrsta sýningin (vorsýning) var haldin á Melgerðismelum 12.- 13. maí. Alls mættu 37 hross til dóms en af þeim voru 3 einungis byggingardæmd. Af 34 fulldæmdum hlutu 6 hross 8,0 eða hærra í aðaleinkunn eða 18% fulldæmdra hrossa. Héraðssýning var auglýst dagana 7.-11. júní á Akureyri. Sökum smitandi hósta var skráning nánast engin og var ákveðið að fresta sýningunni fram í miðjan júlí. Sýningin var svo haldin dagana 15. og 16. júlí og mættu 15 hross til dóms. Þar af voru 13 fulldæmd, 6 hross hlutu 8,0 eða hærra í aðaleinkunn eða 46% dæmdra hrossa. Síðsumarsýning var haldin á Melgerðismelum 18.-20. ágúst í tengslum við stórmót hestamanna á Melgerðismelum. Þá mættu 53 hross til dóms og þar af voru 45 hross fulldæmd. Átta hross hlutu 8,0 eða hærra í aðaleinkunn eða 18% dæmdra hrossa. Samtals á þessu þremur sýningum voru því fulldæmd 92 hross en til samanburðar voru þau 183 á árinu 2009.

Fræðslustarf og fundir

Hinn árlegi Haustundur HEÐ var haldinn í Hlíðarbæ Hörgársveit 25. nóvember sl. Guðlaugur Antonsson, hrossaræktarráðunautur BÍ, fór yfir sviðið í hrossaræktinni og Brynjar Skúlason og Sigríður Bjarnadóttir í Hólsgarði kynntu verkefni sem þau unnu sem BS-verkefni við Hólaskóla og var lokaáfangi BS-náms þeirra í hestafræðum þar sl. vor.

Brynjar fjallaði um vöxt og stærð íslenska hestsins og Sigríður fjallaði um álag á keppnishesta í fimm keppnisgreinum Meistaradeildar KS, sem fór fram á sl. ári. Mjög áhugaverð og fræðandi erindi. Á fundinum var valið ræktunarbú ársins á félagssvæðinu, auk þess sem ræktendur efstu hrossa í kynbótadómi hlutu viðurkenningar.

Í marsmánuði komu þeir sína árlegu yfirreið þeir Guðlaugur Antonsson og Kristinn Guðnason formaður Félags hrossabænda. Að þessu sinni var með þeim Haraldur Þórarinnsson formaður Landssambands hestamannafélaga og var sá fundur haldinn í Hlíðarbæ undir titlinum „Hrossarækt og hestamennska.”

Verðlaunaveitingar

Ræktunarbú HEÐ árið 2010 var Efri-Rauðalækur. Á Efri-Rauðalæk stunda Guðlaugur Arason, Snjólaug Baldvinsdóttir, Baldvin Ari Guðlaugsson og Ingveldur Guðmundsdóttir hrossarækt. Á sl. ári voru sýnd 7 hross frá búinu í kynbótadómi. Meðaleinkunn sýndra hross var 8,14 og var meðalaldur þeirra 5,6 ár. Þrjú af þeim hlutu 8,0 eða herra í aðaleinkunn. Langefstur í þeim hópi er stóðhesturinn Hraunar frá Efri-Rauðalæk sem hlaut hvorki meira né minna en 8,72 í aðaleinkunn og er það hæsta einkunn á heimsvísu sem gefin var stóðhesti það árið. Ræktendur á Efri-Rauðalæk hafa í allmörg ár stunda farsæla hrossarækt og hafa hross frá þeim oft á tíðum staðið í fremstu röð í kynbótasýningum og keppnum. Þetta var í þriðja sinn sem Efri-Rauðalækur hlaut titilinn ræktunarbú HEÐ en farið var að veita þessa viðurkenningu árið 2001.

Alls voru tilnefnd 4 bú en auk Efri-Rauðalækjar voru það Árgerði, Sámsstaðir og Ytra-Dalsgerði. Gaman er að geta þess að Árgerði, Efri-Rauðilækur og Ytra-Dalsgerði voru einnig tilnefnd til ræktunarverðlauna á landsvísu.

Í töflu 22 má sjá 3 efstu hross í hverjum aldursflokki. Þetta eru hross sem fædd eru á félagssvæðinu en geta verið sýnd hvar sem er í heiminum.

Gluggað í World-Feng

Skráð folöld á lífi fædd 2010 á félagssvæðinu eru 597 talsins samanborið við 6.251 á landinu öllu eða tæp 10%.

Alls 173 stóðhestar eru feður þeirra 609 folalda sem fæddust á félagssvæðinu 2010. Að meðaltali eru það 3,5 folöld undan hverjum stóðhesti.

Af 92 hrossum fulldæmdum á sýningum á félagssvæðinu hlutu 20 8,0 eða herra í aðaleinkunn eða 20%.

Eftirtaldir stóðhestar eiga 10 eða fleiri fædd folöld á svæðinu 2010: Fjarki frá Breiðholti (23), Auður frá Lundum (19), Kappi frá Kommu (17), Spói frá Kjarri (15), Hófur frá Varmalæk (14), Frosti frá Efri-Rauðalæk (13), Blær frá Hrafnagili (12), Adam frá Ásmundarstöðum (11) og Markús frá Langholtsparti (10).

Tafla 22. Þrjú efstu hrossin í hverjum aldursflokki á kynbótasýningum 2010 sem fædd eru á félagssvæði HEP.

Fæðingarnr.	Nafn	Uppruni í þgf.	Ræktandi	Sýnandi	Sköpul.	Hæfil.	A.eink.
<i>Stóðhestar 4 vetra</i>							
IS2006165794	Krókur	Ytra-Dalsgerði	Kristinn Hugason og Hugi Kristinsson	Artemisia Constance Bertus	8.51	7.88	8.13
IS2006165495	Símon	Efri-Rauðalæk	Guðlaugur Arason og Snjólaug Baldvinsdóttir	Baldvin Ari Guðlaugsson	8.28	8.03	8.13
IS2006165510	Svali	Sámsstöðum	Höskuldur Jónsson og Stefán T. Brynjarsson	Höskuldur Jónsson	8.08	8.02	8.04
<i>Stóðhestar 5 vetra</i>							
IS2005165247	Hrímnir	Ósi	Sindri Þór Sverrisson	Agnar Þór Magnússon	8.08	8.49	8.32
IS2005165649	Kristall	Jarðbrú	Guðni Hólm Stefánsson	Mette Camilla Moe Mannseth	8.37	7.81	8.03
IS2005165871	Gandur	Garðsá	Orri Óttarsson	Þórhallur Rúnar Þorvaldsson	7.95	8.05	8.01
<i>Stóðhestar 6 vetra</i>							
IS2004165890	Kappi	Kommu	Vilberg Jónsson	Mette Camilla Moe Mannseth	8.51	8.51	8.51
IS2004165791	Lektor	Ytra-Dalsgerði	Kristinn Hugason og Hugi Kristinsson	Sigurður Vignir Matthíasson	8.55	8.32	8.41
IS2004166211	Möttull	Torfunesi	Baldvin Kr. Baldvinsson	Erlingur Ingvarsson	8.21	8.17	8.19
<i>Stóðhestar 7 vetra og eldri</i>							
IS1999165491	Hraunar	Efri-Rauðalæk	Guðlaugur Arason	Magnús Skúlason	8.49	8.88	8.72
IS2000165660	Tristan	Árgerði	Magni Kjartansson og Stefán Birgir Stefáns.	Stefán Birgir Stefánsson	8.21	8.46	8.36
IS2003165665	Kiljan	Árgerði	Magni Kjartansson	Stefán Birgir Stefánsson	8.11	8.13	8.12
<i>Hryssur 4 vetra</i>							
IS2006265275	Elding	Barká	Ólafur Tryggvi Hermannsson	Þorbjörn Hreinn Matthíasson	8.2	7.89	8.02
IS2006266672	Hátíð	Syðra-Fjalli I	Aðalfjall ehf	Erlingur Ingvarsson	8.18	7.77	7.93
IS2006265493	Kolfinna	Efri-Rauðalæk	Baldvin Ari Guðlaugsson	Baldvin Ari Guðlaugsson	7.66	7.96	7.84
<i>Hryssur 5 vetra</i>							
IS2005265890	Rauðhetta	Kommu	Vilberg Jónsson	Erlingur Erlingsson	8.18	8.25	8.22
IS2005265395	Bylting	Akureyri	Gunnlaugur Atli Sigfússon	Bjarni Jónasson	7.72	8.37	8.11
IS2005265630	Girnd	Grund II	Þorsteinn Egilson, Þór Sigþórss., Örn Stefáns.	Bylgja Gauksdóttir	8.36	7.93	8.11
<i>Hryssur 6 vetra</i>							
IS2004265080	Logadís	Syðra-Garðshorni	Vilhjálmur Þórarinsson	Guðmundur Friðrik Björgvinsson	8.44	8.44	8.44
IS2004265492	Krækja	Efri-Rauðalæk	Guðlaugur Arason	Baldvin Ari Guðlaugsson	8.31	8.35	8.34
IS2004265630	Ugla	Grund II	Þorsteinn Egilson	Bjarni Jónasson	7.81	8.46	8.20
<i>Hryssur 7 vetra og eldri</i>							
IS2003265669	Týja	Árgerði	Magni Kjartansson	Ásdís Helga Sigursteinsdóttir	8.09	8.55	8.37
IS2002265671	Von	Árgerði	Magni Kjartansson	Ásdís Helga Sigursteinsdóttir	8.15	8.44	8.33
IS2003265980	Þruma	Akureyri	Helga Árnadóttir	Sigurður Sigurðsson	7.89	8.43	8.21